P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrirfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. okt. 1919. | № 10.

Kosningarnar 15. nóvember og konurnar.

Eins og kunnugt er fara Alþingiskosningar fram 15. nóv. n. k. Þá fá íslenzkar konum tækifæri til að sýna sinn vilja, í því hverir skuli veljast sem pólitískir fulltrúar kjördæmanna um næsta kjörtímabil, sem eftir núgildandi stjórnarskrá er 6 ár, en eftir þeiri stjórnarskrá, sem samþykt var af þinginu í sumar, og nú er kosið um, er kjörtímabilið 4 ár, og þann tíma verðum vér að una við þá menn, sem fulltrúa vora á þingi, sem nú eru kosnir.

Mörg mál munu liggja fyrir næstu þingum, sem konur meta allmikið, og er því líklegt að vér sækjum þessar kosningar og vöndum til þeirra, með því að kjósa þá frambjóðendur sem líklegastir eru til að vinna mest gagn á þinginu, bæði fyrir rétti kjördæmisins og landið í heild sinni.

Vér konur getum ekki varist þess, að skygnast í kringum oss og hyggja að þeim mönnum sem eru í boði Nú, þegar vér höfum fengið réttinn til að velja fulltrúana, þá höfum vér einnig fengið skylduna til að nota þessi réttindi. Og takist valið á fulltrúunum illa að vorum dómi, þá megum vér sjalfum oss um kenna. Vér *getum* og *eigum* að *fjölmenna* til *kosninganna*, og vér eigum að *bæta þær*. Vér eigum að kjósa beztu og vitrustu mennina. Þá menn, sem reyndir hafa verið áður í trúnaðarstörfum, og leyst hafa þau samviskusamlega af hendi. Vér erum lausar öllum flokksböndum, flestar af oss. Og hvort sem væri, þá ættu þau aldrei að binda neinn svo, að hann gefi nokkrum atkvæði sitt til Alþingis, sem hann ekki treysti til að fara að öllu í löggjafarstörfum sínum eftir beztu samvizku.

Það vill líka svo vel til, að þetta er einmitt hyggilegasta og réttasta kosningaaðferðin. Vér eigum mörg áhugamál, sem koma fyrir næsta þing Fyrir þeim getum vér ekki trúað nema vitrum og samviskusömum mönnum, þótt þeir lofi öllu fögru. Til þess að koma málum fram þarf vit og lægni, og til þess að halda loforð sín, þarf heiðarleika og samvizkusemi.

Þessar kosningar sem nú liggja fyrir, eiga aðallega að snúast um stjórnarskrána, eða þær breytingar, sem gerðar voru á henni í sumar. Oss konum má ekki liggja í léttu rúmi hvort hún gengur fram eða ekki. Því ein af breytingum hennar er sú, að *allar konur fái pólitiskan kosningarrétt og kjör gengi með sömu skilyrðum og karlar*. Með þessari breytingu er hið auðmýkjandi háa aldurstakmark fyrir kosningarrétti kvenna upphafið. Nú er það komið úr 40 árum fyrir konur ofan í 37. Eftir nýju stjórnarskránni verður það *25 ár fyrir konur eins og karla*.

Þá eru ýms önnur mál sem snerta konur, sem fyrir þinginu í vetur og næstu þingum munu liggja. Má þar til nefna þau 3 frumvörp úr fjölskyldulöggjöfinni, sem lágu fyrir síðasta þingi: *Um stofnun og slit hjúskapar*, *um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna*, og um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Þá verður einnig *landspítalamálið* fyrir þinginu á næstu árum. Auðvitað samþykti þingið í sumar lög um að byggja skyldi landsspítala, ásamt ýmsum opinberum byggingum. En eftir er að koma þeim lögum í framkvæmd. Eftir er að útvega fé, og ekki vitum vér né höfum neina tryggingu fyrir að landsspítalinn verði fyrsta byggingin, af hinum ákveðnu byggingum þessara laga. Engin trygging er fyrir að þessu verki verði flýtt. Ef til vill mætti geta sér þess til, að sumir þingmenn mundu hika við að leggja nú á

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

næstu árum út í þann geysi kostnað, sem slík bygging hefði í för með sér. Þess vegna verða konur að hafa það hugfast, að kjósa þá fulltrúa, sem hafa áhuga fyrir því að koma þessu spítalamáli í fulla framkvæmd svo fljótt sem unt er.

Mörg önnur mál ætti konum að vera ant um að kæmust fram á þingi. T. d. mætti nefna heilbrigðislöggjöf, víðtækari og betri en þau brot sem nú eru. Væri ekki úr vegi að einhver lög væru gefin út til að reyna að hindra útbreiðslu berklaveikinnar. Að einhver trygg lagaákvæði væru fyrir því, að berklaveikt fólk gæti ekki selt matvöru, verið kennarar við skóla o. s. frv. Um alt slíkt eru nákvæmar lagareglur í öðrum löndum, en hér er ekki enn þá gert neitt frá löggjafarvaldsins hlið til að koma í veg fyrir þá hættu sem af því stafar.

Um hvað á að kjósa?

Í annað sinni eiga nú íslenzkar konur að nota kosningarrétt sinn. Og nú er það aðallega nýjar stjórnarskrárbreytingar, sem þær eiga með atkvæðum sínum að taka afstöðu til. Eftir henni fer svo úrslit stjórnarskrármálsins frá þeirra hendi.

En auk þessara stjórnskipulagabreytinga, sem lögboðið er að tekin séu til úrslita á aukaþingi að kosningunum afstöðnum, þá eru mörg stórmál fyrir hendi, sem næstu þing verða að fjalla um og taka afstöðu til. Og mörg af þessum málum verða mjög af drifarik fyrir framtíð hins íslenzka ríkis. Til þeirra má ekki kasta höndum að neinu leyti. Auk alls þessa eru stjórnarskifti fyrir höndum. Núverandi stjórn hefir sagt af sér völdunum. Eitt af fyrstu verkefnum hins nýja þings verður því að velja nýja ríkisstjórn. — Nú er sú venja komin á, að þingmenn velji ráðherra úr sínum flokki. Um það má deila hvort slík venja er heppileg, eða óskandi að verði algild regla, meðan þingið er að eins skipað af 40 mönnum, sem því miður hafa ekki ætíð reynst svo mikið úrvals lið að öllum þingmannakostum, sem æskilegt væri, og nauðsynlegt hefði verið.

En þrátt fyrir það munu kjósendurnir mega búa sig undir það, að hin nýja stjórn verði mynduð úr þingmannaliði því, sem saman kemur hér á aukaþinginu í vetur. *Þetta eitt* er næg ástæða til að vanda kosningarnar sem bezt. Vera vandlátari með þingmannaefnin en oft og einatt áður, þegar slík breyting var ekki væntanleg.

Við síðustu kosningarnar 1916, sem voru fyrstu kosningarnar, er konur tóku þátt í, var aðsóknin mjög dauf frá þeim. Hagskýrslurnar segja, að ekki hafi nema *einn tíundi hluti kvenkjósenda* tekið þátt í þeim. — Þessi hluttaka kvenna í kosningunum er allri íslenzku kvenþjóðinni til mestu vanvirðu. Hvergi, sem til hefir spurst af kosningum kvenna, hafa þær verið neitt í líkingu við þetta.

Í Danmörku við kosningarnar í fyrra — sem voru fyrstu pólitiskar kosningar er konur tóku þátt í, — voru það 75% af þeim er tóku þátt í kosningunum.

Margt ætti að knýja oss konur nú til að leggja vor atkvæði á vogarskálarnar. Allar þær ástæður, sem að ofan eru taldar snerta oss ekki síður en karlmennina. *Oss* getur ekki verið sama um meðferð mála og úrslit þeirra á Alþingi. *Oss* getur heldur ekki verið sama hvernig hin íslenzka ríkisstjórn er skipuð. Svo mjög snertir það oss *sem konur* og sem *ríkisborgara*. Og svo mjög snertir það börn vor og framtíð þeirra á margvíslegan hátt.

Konur í sveitum, kaupstöðum og sjávarlendum! Sækið kosningarnar! Hafið yðar eigin sannfæringu, þar sem þér þekkið mennina. Veljið þá beztu og vitrustu og heiðarlegustu. Látið enga villa yður sýn. Nýtustu, vitrustu og heiðarlegustu mennirnir eiga að sitja á Alþingi.

Þá skuluð þér velja fyrir yðar fulltrúa.

Þingmannaefni Reykjavíkur.

Þau eru eiginlega talin 4 þingmannaefnin okkar Reykvíkinga, sem búast má við að komi til greina. Ólafur Friðriksson og prentsmiðju- og framkvæmdarstjóri Þorvarður Þorvarðsson frá Jafnaðarmönnum, og Jón Magnússon forsætisráðherra, sem verið hefir þingmaður okkar nú á síðustu árum, og Sveinn Björnsson, yfirdómslögmaður, sem aðallega eru studdir af ýmsum úr gömlu pólitísku flokkunum. Á öðrum stað hér í blaðinu er minst á hver nauðsyn er að konur fylki sér til kosninganna og kjósi sem hæfasta menn til þingsetunnar. Þar er einnig talað um ýms mál, sem snerta konur sérstaklega, eða þær hafa áhuga fyrir. Við það mætti einnig bæta einu máli, sem hverjum Reykvíking mun vera brennandi áhugamál: það er breytt kosningalög fyrir Reykjavík og fjölgun þingmanna bæjarins. Engum sem á það mál líta með nokkurri sanngirni, getur blandast hugur um, að borg með 16,000 íbúum, sem árlega fjölga um nokkur hundruð sé svo miklu ranglæti beitt gagnvart öðrum kjördæmum landsins, að slíkt sé algerlega óþolandi lengur.

Þegar vér konur lítum nú á þessi mál sem liggja fyrir, þá getum vér ekki annað betra gert, en lagt niður fyrir oss hverjum vér treystum bezt af þessum frambjóðendum, til að koma þessum og öðrum áhugamálum vorum og allrar þjóðarinnar áleiðis.

Tveir af þessum mönnum eru algerlega óreyndir. Vér efumst ekki um vilja þeirra til að láta gott af sér leiða, en vér getum þó ekki að svo stöddu annað en treyst t d Jóni Magnússyni forsætisráðherra til að hafa meiri áhrif á Alþingi, en alveg óþekktum mönnum þar. Auk þess hefir hann jafnan beitt sér fyrir áhugamál vor kvenna, eða stutt þá sem hafa flutt þau. Hann var einn af aðal stuðningsmönnum kosningarréttar kvenna frá upphafi. Og hann tók nú síðast út úr Stjórnarskránni þá takmörkun, sem var á jafnrétti kosningarréttar karla og kvenna eftir ósk og áskorun frá »Kvenréttindafélagi Íslands«. Hann lét einnig undirbúa þau þrjú lagafrumvörp úr fjölskyldu löggjöfinni, sem í sumar lágu fyrir þinginu, eftir ósk og áskorun kvenna á almennum kvennafundi hér í bænum, sem K. R. F. Í. hélt í júní 1917. Og hann hefir látið undirbúa lög þau um byggingu landspítalans, sem samþykt voru af Alþingi í sumar.

Þessi reynsla liðinna ára bendir á það, að Jón Magnússon forsætisráðherra hefir ávalt tekið jafnt tillit til áhugamála kvenna sem karla. Hann hefir verið fulltrúi okkar allra, en ekki að eins karlmannanna, eins og sumir þingmenn hafa oft virst vera.

Sveinn Björnsson yfirdómslögmaður hefir setið áður á þingi og þótti þá í mörgum greinum nýtur þingmaður. En sérlegur málsvari kvenna var hann ekki, þó hann að hinu leytinu ekki heldur legði sig á móti málum þeirra. Hann er að mörgu leyti álitinn hæfur maður og mun einnig eiga marga fylgismenn. Auðvitað hefir hann ekki aðra eins pólitiska reynslu og Jón Magnússon, sem nú mun vera sá þingmaður, sem bæði stöðu sinnar vegna, vitsmuna og þekkingar getur verið áhrifamestur allra þingmannanna.

Höfuðborg hins íslenzka ríkis verður sæmdar sinnar vegna að senda jafnan atkvæðamenn á þing. Jón Magnússon er það á margan veg, þótt hann fari gætilega. Enginn efast um drengskap hans og heiðarleika. Þar hefir aldrei blett á borið. Og lægni og hyggindi hans hafa gert hann mikilsvirtan af öllum, sem honum kyntust. Hann er einn af frjálslyndustu og sanngjörnustu mönnum, hleypidómalaus, og gerir sér hvorki manna eða stétta mun, enda hafa menn traust á honum og leita oft til hans ráða í vandamálum, hverrar stéttar sem þeir eru.

Við konurnar getum engan betri málsvara fengið á þingi. Og bærinn engan betri fulltrúa, sem meiri eða jafnmikil áhrif mundi hafa og gæti haft í þinginu, til að koma fram áhugamálum okkar allra.

Húsmæðurnar í Wien.

„Kvennablaðinu" hefir borist þessi grein, í Austurrísku blaði sem gefur töluverða hugmynd um erfiðleika þá, sem húsmæður í Wien eiga við að stríða á þessum tímum:

„Það er ekki nóg með það, að húsmæðurnar komist ekki á markaðinn, eins og nú stendur á. Þangað fóru þær fótgangandi vegna dýrleiks sporvagnanna hvort sem var, þar sem ekki var bætandi 1 kr. 20 aurum (austurrískum) við það háa verð, sem var á vörunum, einkanlega þegar oft varð að fara heim með tvær hendur tómar. En erfiðleikarnir byrja undir eins á morgnana, þegar maðurinn og börnin verða að flýta sér til vinnu sinnar og konan verður að sjá þeim fyrir mat, sem auðvitað er mjög erfitt. Vegna tímaleysis og skóslits getur maðurinn ekki gengið fram og aftur til vinnu sinnar fjórum sinnum á dag, en verður að vera þar kyr allan vinnutímann. Þá verður hann að fá brauð í nesti. Börnin geta komist af með epli með brauðinu, sem þau fá í morgunverð, en þá er að hugsa um aðal-máltíðina og manninn! Nú verður að vega alt nákvæmlega, hvort sem það er kartöflu-salat og síld eða hveitibollur.

Pylsur eru einnig mikið notaðar, ostar, sardínur, kjötbollur, sem búnar eru til úr saltkjöti því, sem fólki er úthlutað, og borðaðar með grænmeti eða agúrku-salati.

Húsmóðirin verður sí og æ að þreyta hugvit sitt og finna upp nýjar aðferðir, til þess að láta sem mest verða úr því litla, sem hún hefir milli handa.

Hver um sig hefir sína eigin uppskrift á kæfu úr baunum, kartöflum, sardínum og sinnepi. Hún reynir til að herja út egg, harðsýður þau og blandar með osti.

Svo eru búnar til eplakökur heitar og kaldar hafragrautur, kartöflumjölskökur og aðrir réttir þessara tíma.

Dóttirin, sem er á skrifstofu, fær að hita upp súpu og kál handa sér á gasvélinni, þar sem slík þægindi eru leyfð starfsfólkinu. Annars verður hún að koma sér vel við konu umsjónarmanns hússins eða fá að hita matinn sinn einhversstaðar nálægt. Ekki eru þessar máltíðir ríkulegar. Hafi einhverjum tekist að útvega sér 1 pela af geitamjólk ofan úr sveit eða ögn af smjöri, eða flesksneið ofan á brauðið sitt, þá er horft á þetta með öfund og aðdáun.

Tímunum saman verður húsmóðirin að hlaupa úr einni búðinni í aðra eða milli kunningjanna, til þess að útvega fólki sínu mat. Auðvitað verða allir meðlimir fjölskyldunnar að gera sitt til þess að líta í kringum sig eftir mat. Það gæti skeð að hægt væri að ná í salat á markaðinum í einhverri grænmetisbúð, eða þá í 1 kg. af kartöflum eða osti. Eplin gætu verið ódýrari í einhverri annari búð. Karlmennirnir eru nú orðnir svo duglegir að gera innkaup, að það er gaman að taka eftir því, hvað þeir fjölmenna í öllum matarbúðum.

Fyrst og fremst verður þó að nota tækifærin í matarskrifstofunni. Stundum má fá þar dálitið af feiti, stundum hindberjasaft, hrísgrjón eða pylsur.

"Viltu ekki taka með þér bakpokann", biður konan, „það væri leiðinlegt, ef þú létir eitthvert tækifæri ónotað".

Sá, sem ekki hefir getað fengið sig til að sleppa skjalamöppunni, með sínum stoltu minningum um betri tíma, gerir það áreiðanlega nú í sporvagnaleysinu — þá hrekkur skjalamappan ekki lengur til, en breytir sér í yfirlætislausan bakpoka.

Húsmóðirin verður að fara á fætur fyrir allar aldir, til þess að hita te eða súpu og láta í Thermos-flöskuna (hitageymi), smyrja brauð, búa til salat, harðsjóða eggin. Fari hópurinn hennar til vinnu sinnar kl. 7 eða 7½, þá verður hún að vera komin á fætur kl. 6, því hún veit, að það er eins og álög að altaf þurfi einhverjir aukasnúningar að bætast við, ýmist þarf að festa hnapp eða stoppa í vetling, eða þá að maðurinn veit ekki hvar hann hefir lagt budduna sína, eða drenginn hennar vantar pennastokkinn. Sé nú búið að koma hópnum vel af stað, þá byrjar eltingaleikurinn að nýju.

Það þarf að kaupa eldivið hjá timburkaupmanni, sem býr all-langt frá. Ef hún flýtir sér, er kanske hægt að ná í nokkur pund. Það er sápudagur í kauptélaginu, og hún verður að spyrjast fyrir um haust-sykurinn hjá kaupmanninum, svo verður hún að flýta sér til klæðskerans, sem er að snúa frakka af manninum hennar.

Gætu menn mælt hvert hennar spor frá morgni til kvölds, þá mundu menn verða hissa á kílómetra-tölunni. — Dauðþreytt, þreyttari dag frá degi háttar hún á kvöldin, og spyr sjálfa sig

hvernig geti staðið á því, að sér takist að vinna langt fram yfir krafta sína — þessir dagar án sporvagna eru sönnun þess.

Þýtt af I. V.

Meðalaskrína prófastsfrúarinnar.

(Þýtt úr sænsku).

Á heimleiðinni fylgdu drengirnir þeim svo dyggilega, að Hugo gat að eins fengið tækifæri til að hvísla lágt:

„Má ég skrifa þér til?"

„Æ, já. En ég veit ekki hvernig ég á að geta svarað. Þeir þarna á pósthúsinu þekkja allar rithendur, og vita frá hverjum hvert bréf er, sem kemur þangað og fer þaðan".

„Sendu til okkar meðalaskrínuna, ég skal taka á móti henni".

Og þannig stóð á því, að gamla meðalaskrín an fékk heldur ónæðisama daga frá þeim degi. Nú vantaði altaf eitthvað, og altaf vildi Sigríður senda skrínuna sjálf inneftir til þess að láta Otto móðurbróðir yfirlíta innihaldið. Prófastsfrúin hafði dálítið á móti þessu, og Andrés gamli nöldraði um það. En hvernig sem því vék við, þá fékk Sigríður sínum vilja framgengt, án þess nokkurn grunaði neitt. — En altaf fékk Andrés í einrúmi stranga skipun um að skila skrínulyklinum til unga lyfjasveinsins, af því að móðurbróðir hefði svo mikið að gera, að hann væri vís til að gleyma skrínunni, og þá yrði Andrés að bíða þar fram undir kvöld. Og af því að Andrési var áhugamál að komast heim fyrir miðdegismatartímann, þá þorði hann aldrei að reyna svo mikið á minni gamla lyfsalans, að afhenda honum lykilinn.

Þannig gekk þetta svona reglulega, öllum aðstandendum til ánægju, þangað til ungi kandídatinn, Pétur, kom heim frá háskólanum. Hann var magur sem beinagrind að ytra útliti, en að innan troðfullur af lærdómi.

Nú fengu bæði mamma hans og Sigríður nóg að gera, að hlynna að þessum veslings horuðu sálar-umbúðum, sem Uppsala-prófessorarnir höfðu haft hverja holdtóru af, og að hlynna að líkamans umbúðum, sem þvottakonurnar í Uppsölum höfðu ekki farið betur með, en prófessorarnir með sálar-umbúðirnar. En hann fór aftur í staðinn að taka að sér alla þá, sem leituðu til prófastsfrúarinnar eftir góðum ráðum og meðulum, svo þeir fóru brátt að spyrja jafnmikið eftir „doktornum" eins og áður eftir prófastsfrúnni.

En nú vöktu hinar tíðu kaupstaðarferðir meðalaskrínunnar athygli hans?

Þegar hún svo kom einu sinni úr þessum leiðangri sínum, þá heimtaði hann svo þrálátlega að fá að opna hana og skoða innihaldið, að Sigríður varð að ljúka henni upp að honum ásjáandi.

„Hvaða bréf var það, sem þú stakst í vasa þinn?" spurði hann í rannsóknardómara róm.

„Auðvitað meðala-forskriftin. Það ættir þú að geta sagt þér sjálfur", sagði hún. En hún hefði eins vel getað sagt, að það hefði verið skipunarbréf hennar til að verða líkþornalæknir keisaradrotningarinnar í Kína. Því Sigríður litla var ekki vön að segja ósatt, þótt kærleikurinn hefði gert hana dálítið upplyndingarsama og klóka síðustu vikurnar.

En nú hafði Pétur ásett sér að vaka yfir Sigríði. Og að hann vanrækti ekki þetta sjálftekna skyldustarf, geta víst allar ungar stúlkur skilið, sem eiga bræður, og eru í líkum kringumstæðum.

Hvað gat þessi bannsetti pilluhnoðari þurft að skrifa henni systur hans.

Pétur átti skólabróður, sem nú var að eins læknisfræðisnemi, en auðvitað var tilvonandi prófessorefni, að minsta kosti. Honum hafði hann ætlað Sigríði, og þá var það mjög ósæmilegt af smábæjar-lyfjasveini að gera strik í þann reikning. Pilturinn var reyndar viðkunnanlegur, en hún „systir mín" bar það mikið af öðrum venjulegum stúlkum, að hverjum götusnáða var ofætlun að draga sig eftir henni. En þetta var hann mjög varkár með að segja aldrei við „systur mína" sjálfa.

Einn morgun þegar hann hafði sofið heldur lengi fram eftir, og ekki gætt Sigríðar sem skyldi, notaði hún tækifærið til að senda sína kæru meðalaskrínu með Andrési gamla inn til bæjarins, með hinni venjulegu áminningu um að skila unga lyfjasveininum lyklinum.

En nú vildi svo illa til, að einmitt þegar Andrés gamli kom með skrínuna undir hendinni inn í lyfjabúðina, þá var Hugo inni að borða morgunverðinn, en Ottó móðurbróðir var sjálfur í búðinni.

„Ég átti að skila lyklinum þeim arna til lyfjasveinsins, og biðja hann að gleyma ekki skrínunni. Ég átti að koma heim fyrir miðdegismatartíma", sagði Andrés.

„Jæja, það er gott. Settu skrínuna þarna", sagði móðurbróðir, og svo fekk Andrés að fara sinna ferða.

„Meðalaskrínan frá Byvi er þá komin hingað aftur í dag. Hún systir mín hlýtur að hafa verið eitthvað utan við sig, þegar hún sendi hana, að minsta kosti lítur út fyrir það eftir bréfinu því arna", sagði gamli lyfsalinn við unga lyfjasveininn stundu síðar, og lagði opið bréf — með gletnis-

legu brosi — á búðarborðið, um leið og hann gekk út.

Hugo roðnaði fyrst, en fölnaði síðan upp. Hann tók bréfið og las það. Það var svohljóðandi:

„Kærasti minn!

Pétur er farið að gruna eitthvað, svo að nú vill hann altaf opna skrínuna. Settu því ekkert bréf í hana í dag, en komdu sjálfur úteftir á fimtudaginn, því mér leiðist svo eftir þér. Þín!"

Um miðdegisverðarleytið var Pétur vandlega á verði, til að taka á móti Andrési og skrínunni. Andrés gamli settist líka strax við miðdegisborðið í eldhúsinu, þar sem maturinn hans var tilreiddur, en Pétur fór sigrihrósandi með herfang sitt inn í salinn, þar sem prófastsfrúin sat við sauma sína.

„Nú skal maður sjá, hvaða gersimar koma frá lyfjabúðinni í dag", sagði hann og lyfti upp lokinu mjög hátíðlega. „Ó, þarna liggur þá bréf, það er víst frá Ottó móðurbróðir. Lestu það, Sigríður litla, svo fæ eg þá yfirlit yfir innihaldið, og get gert reikninginn upp".

Sigríður tók bréfið, blóðrauð af hræðslu, reif það upp, yfirfór það með augunum í flýti og las svo hátt og skýrt:

„Kæra systir!

Við skyldum með ánægju koma í þessari viku, en það bíður líklega þangað til í næstu viku, því eg á svo erfitt með að fara að heiman, eins og vant er, og Klara hefir núna saumakonu. En á fimtudaginn ætla ég að senda hann Hugo úteftir til ykkar, til þess að gæta að, hvort Pétur hagar sér nú vel í sumar. Ég get líka sagt ykkur um leið fréttir: Hann Peterblad í Oska ætlar að sækja um að fá lyfjabúð í Noregi, og hefir góða von um að fá hann. Þá býst ég við að geta útvegað Hugo forstöðumannsstöðuna við meðalasöluna í Oska, og þar gæti honum liðið vel, enda er hann agætis drengur. Hann gæti vel gift sig upp á þá stöðu, ef hann annars hugsar nokkuð um það.

Klara og drengirnir biðja að heilsa. Drengirnir tala mikið um, hvort að kirsiberin muni nú ekki vera orðin fullþroskuð í garðinum hennar föðursystur. Þinn einlægur bróðir

Vilhjálmur".

Kandídatinn hafði gengið aftur á bak og áfram um gólfið á meðan, milli þess hann staðnæmdist aftan við Sigríði og las bréfið yfir öxlina á henni. Ju, þarna stóð það orðrétt, alt sem hún las upp.

Það var erfitt að vita, hvort þeirra systkinanna furðaði sig meira, eða hvort teginleiki Sigríðar yfir bréfinu og úrslitunum, var meiri en skömmustu- og snevputilfinning Péturs yfir að hafa hlaupið á sig.

Árni Eiríksson.

Ts: 265. **Heildsala — Smásala.** Ph: 277

Vefnaðarvörur, Prjónavörur
mjög fjölbreyttar.

Fást einnig sligaar.



Saumavélar með hraðhjóli
og 10 ára verksmiðju-ábyrgð.

Smávörur,

er snerta saumavinnu og hannyrðir.

Pvottavörur.

Tækifærisgjafir. Jólavörur.

„Þetta er reglulega gott og gleðilegt fyrir Lönnquist. Ég vissi vel, að móðurbróðir mundi hlynna eitthvað að honum, eins og þeim öllum þykir vænt um hann", sagði nú prófastsfrúin.

„Prófastsfrú", kallaði nú höfuðið á Stínu gömlu vinnukonu í dyragættinni.

„Hvað er það, Stína".

„Það er hún „móðir góð" í Granbæ sem er komin og vill tala við prófastsfrúna. Nú er það strákurinn hennar enn þá einu sinni. Hann hefir nú farið með fingurna í hakkavélina og svo liðið yfir hann".

Prófastsfrúin fór fram, til að tala við konuna, og gefa henni góð ráð. En inni í stofunni sat sonur hennar, sokkinn ofan í að athuga innihaldið í skrínunni. Systir hans gekk hljóðlega að baki honum, lagði handleggina um háls hans og hvíslaði með hláturmildum fagnaðarrómi:

„Nú, nú, hvað fékstu nú fyrir að þú varst leiðinlegur"?

Niðurl. næst.

Lítill ágóði!
Fljót skil!

Verzlunin „EDINBORG"

Komið og lítið á nýkomnu haustvörurnar.

Fjölbreyttara úrval en nokkuru sinni áður.

Vefnaðarvörudeildin:

Mislit silki í svuntur og slifsi, feikna úrval. — Kjólasilki, fleiri litir. Kamgarn. — Kjólatau. — Dömuklæði. — Dragtaefni. — Káputau fl. teg. — Gardínutau. — Reiðfatatau. — Cheviot pr. 7,95. — Alpakkatau, slétt og röndótt. — Ullar-flauel, fl. litir. — Lastingur, svartur og misl. — Flúnel. — Tvisttau. — Dúkadregill. — Borðdúkar, hv. og misl. — Ísaumaðir dúkar og serviettur. — Léreft, góð og ódýr. — Purkuefni. — Fóðurtau, fl. teg. — Fiðurhelt léreft. — Sængurdúkur. — Lakaléreft, bl. og óbl. — Rifstau, svört og misl. — Morgunkjólasirts, mjög ódýr. — Rúmteppi, hvít og misl. — Vatt-teppi. — Regnhlífar 7,95—24,75. — Millipils úr lasting og moiré. — Greiðslutreyjur. — Svuntur. — Sokkar úr ull og bómull. — Vasaklútar, feikna úrval. — Snúrur. — Matrósahúfur. — Barnakragar. — Lífstykki. — Bendlar, sv. og hv. — Hnappar. — Silkitvinni, fl. litir. — Vefjargarn. — Gólfdúkur.